

Listaháskóli Íslands  
Tónlistardeild  
Tónsmíðar

# Magnificat

Steingrímur Þórhallsson  
Leiðbeinandi: Þorbjörg Daphne Hall  
Vorönn 2012

Magnificat eftir Bach er eitt hans frægasta verk og oft flutt víðs vegar um heiminn. Bach skrifaði það á sínu fyrsta ári sem kantor við Tómasarkirkjuna í Leipzig og þ það var frumflutt jólin 1723. Bach var ekki fyrsti kostur borgarráðs Leipzig í stöðuna heldur þriðji kostur. Telemann hafði þá neitað og tónskáld að nafni Christoph Graupner hafði verið ráðinn. Graupner samdi að beiðni borgarráðsins Magnificat sem frumflutt var jólin 1722, nokkuð sem Bach fékk ekki tækifæri til að gera. Graupner gat að lokum ekki tekið að sér stöðuna og Bach var ráðinn.

Í þessari ritgerð er fjallað um hvað Magnificat er og hvaða stöðu það hefur í helgihaldi kristinna. Einnig einnig er komið inn á hvers vegna þessi tónskáld voru fengin til að semja Magnificat og að lokum eru verk þeirra borin saman ásamt Magnificat eftir forvera Bach í stöðu kantors Johann Kuhnau. Skoðað er hvað sé sameiginlegt með þessum þremur verkum. Gæti verið að Bach hafi nýtt sér eitthvað úr verkum hinna? Vildi Bach með sínu Magnificat kannski svara verki Graupner frá árinu á undan?

Í lokaorðum eru dregnar þær ályktanir að margt sé líkt með verkunum. Sér í lagi á þetta við um Magnificat Graupner og Bach. Vel má ímynda sér að með verki sínu hafi Bach verið að ítreka snilli sína og jafnvel verið að svara Magnificat Graupner frá árinu áður.

<b>I. Inngangur</b>	<b>4</b>
<b>II. Magnificat, uppruni og hlutverk</b>	<b>5</b>
<i>Frá frumkristni til klausturreglna</i>	5
<i>Liðir tíðargjörðar</i>	6
<i>Magnificat í helgihaldi Leipzig - Aftansöngur</i>	8
<b>III. Tónskáldin og Leipzig</b>	<b>11</b>
<i>Tengsl Kuhnau, Graupner, Bach; Leipzig 1722 - 1723</i>	12
<b>IV. Tónverkin - Samanburður á köflum</b>	<b>14</b>
<i>Tónverkin</i>	14
<i>Tafla 1 - Tóntegundir og taktboðar</i>	16
<i>Tafla 2 - Hljóðfæraskipan</i>	16
<i>Tafla 3 - Lengd kafla og stemning</i>	17
<i>Tafla 4 - Kór eða aría</i>	18
<b>V. Stefjasamanburður og niðurstöður</b>	<b>19</b>
<b>VI. Lokaorð</b>	<b>31</b>
<b>VII. Heimildaskrá</b>	<b>32</b>

# Inngangur

Johann Kuhnau, kantor Tómasarkirkjunnar í Leipzig lést 5. júní 1722 eftir langan og farsælan feril. Kantorsstaða þessi var ein virðingarmesta stöð tónlistarmans í Þýskalandi barrokk tímans og því eftirsótt. Nokkrir komu til greina til að feta í fótspor meistarans en þekktastir í dag eru Georg Philipp Telemann, Johann Graupner og Johann Sebastian Bach. Allir voru þekktir tónlistarmenn og vel hæfir í stöðuna. Það sem ef til vill kemur okkur á óvart í dag er að þeir voru valdir í fyrnefndri röð, þ.e.a.s. Bach var valinn þriðji eftir að hinir tveir höfðu gengið úr skaftinu. Ýmsar ástæður voru fyrir þessu vali og fjallað verður um það í ritgerðinni. Bach fékk sem sagt starfið og samdi í Leipzig mörg af sínum stærstu og merkustu verkum. Þar má nefna H-moll messuna, stóru passíurnar og loks Magnificat. Magnificat var hans fyrsta stóra verk í Leipzig og er áberandi viðamikl. Graupner hafði árið áður samið Magnificat fyrir valnefnd um kantorsstöðuna eftir fráfall Kuhnau. Það stóð Bach ekki til boða og Graupner var ráðinn áður en Bach fékk að sýna valnefnd umbeðin verk.

Má ef til vill sjá áhrif frá Graupner í verki Bach? Var Magnificat svar Bach við því að vera valinn þriðji í stöðuna? Þessu verður kannski ekki svarað beint en borin verða saman þessi tvö verk og kannað hvort einhver svipur sé með þeim. Einnig eru þessi tvö verk borin saman saman við Magnificat eftir Kuhnau, forvera Bach í starfi kantors Tómaskarkirkjunnar.

Í ritgerðinni er fjallað stuttlega um hvaðan texti Magnificat, Lofsöngur Maríu, kemur og hvernig það er notað í helgihaldi kristinna. Þannig eru Magnificat tónskáldanna sett í samhengi og komið inn á hlutverk þeirra í helgihaldi um jól í Leipzig á fyrri hluta 18. aldar. Í lokaorðum verða dregnar ályktanir út frá þessum samanburði.

# Magnificat, uppruni og hlutverk

## Frá frumkristni til klausturreglna

Heimildir um bænahald í frumkristni eru eðlilega ekki miklar. Í bréfi Páls til Efesusmanna 5:18-20 segir;

„Drekið ykkur ekki drukkin af víni, það leiðir aðeins til spillingar. Fyllist heldur andanum og ávarpið hvert annað með sálum, lofsöngvum og andlegum ljóðum. Syngið og lofið Drottinn af öllu hjarta“<sup>1</sup>

Þessi texti sýnir okkur án vafa að alla tíð í kristni hefur söngur verið órjúfanlegur hluti trúarlífs líkt og enn í dag. Í Nýja testamentinu má benda á ljóð, kantikur, sem kallaðir eru lofsöngvar. Þetta eru Lofsöngur Sakkarías, Lofsöngur Símeons og Lofsöngur Maríu. Í Gamla testamentinu eru Davíðssálmarnir augljóst dæmi um tengingu trúar og tónlistar. Dagleg bænagjörð, eða tíðargjörð frumkristni verður líklega til sem útvíkkun á helgihaldi gyðinga á fyrstu öldum kristni.<sup>2</sup> Kristnir voru oft ofsóttir og því eðlilegt að halda að helgihald fylgjenda Krists hafi að mestu leyti farið fram í heimahúsum.<sup>3</sup>

Draga má þá ályktun að trúaðir hafi fylgt þeim formum sem þeir þekktu þó að eðlilega hafi orðið talsverðar breytingar frá helgihaldi musterisins.<sup>4</sup> Daglegar bænir fóru fram að morgni og kvöldi hvers dags. Þar er strax kominn grunnur að tíðargjörð þeirri sem við þekkjum í dag sem er bænahald eftir sérstakri formúlu á fyrir fram ákveðnum tímum.<sup>5</sup> Að öllum líkindum hefur tónlist þá þegar verið hluti af þessu helgihaldi þó svo að engar skriflegar heimildir séu til frá þessum tíma.

Á 6. öld e. Krist er stofnuð fyrsta stóra klausturreglan, kennd við heilagan Benedikt frá Nursia. Meginmarkmið klausturreglna var að gefa fólki tækifæri til að helga sig algjörlega trúnni og lifa samkvæmt ströngum lífsreglum. Tíðargjörð hentaði slíku samfélagi vel og verður órjúfanlegur hluti klausturlífs allt fram til dagsins í dag. Tíðargjörð er fylgt innan bróðurparts kristinnar kirkju enn

---

<sup>1</sup> „Bréf Páls til Efesusmanna“, *Biblían: Nýja testamentið*, JPV útgáfa, Reykjavík, 2007, bls 246.

<sup>2</sup> Guilio Cattin, *La monodia nel medioevo*, EDT Edizioni, Torino, bls 7.

<sup>3</sup> Charles Lee Jurgensmeier, „*The Magnificat in D Major: A study in performance and analysis*“, ProQuest Dissertation and thesis, 2000, bls 8

<sup>4</sup> Guilio Cattin, *La monodia nel medioevo*, EDT Edizioni, Torino, bls 7.

<sup>5</sup> Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“, í *Íslensk þjóðmenning V: trúarhættir*, Frosti F. Jóhannsson ritstýrði, Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík, 1988, bls 220.

þann dag í dag þó að mismikil áhersla sé lögð á hana. Á Íslandi hafa morguntíð og vesper verið reglulega sungin um árabil í Skálholti.

## Liðir tíðargjörðar

Tíðargjörð getur verið nokkuð mismunandi eftir svæðum og kirkjudeildum en í sinni stærstu mynd skiptist dagurinn upp í níu tíðir;

Latnestkt heiti	Íslenskt heiti	Tími dags
Matudinum	Óttusöngur hinn fyrri	2:00 eða síðla nætur
Laudes	Efri óttusöngur	um 5:00 oft strax á eftir Matudinum
Prim	Miðs morguns tíð	6:00
Ters	Dagmálatíð	9:00
Sext	Miðs dags tíð	12:00
Nona	Nón	15:00
Vesper	Aftansöngs tíð	18:00
Completorium	Náttsöngur	21:00 eða áður en gengið er til náðar

6 7

Helgihaldið samanstendur af ritningarlestrum, Davíðssálmum, bænum og hymnum á víxl. Mest af textanum er sunginn og sér í lagi Davíðssálmarnir. Í stærri tíðum eru lofsöngvarnir sungnir.<sup>8</sup> Þessir lofsöngvar eru; Lofsöngur Sakkaría, Lofsöngur Símeons og Lofsöngur Maríu og er sá síðastnefndi sunginn við lok aftansöngs klukkan 18:00.<sup>9</sup>

<sup>6</sup> Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“, í *Íslensk þjóðmenning V: trúarhættir*, Frosti F. Jóhannsson ritstýrði, Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík, 1988, bls 220.

<sup>7</sup> Lila Collamore, „Charting the Divine Office“, í *The divine office in the latin middle ages*, Margot E. Fassler og Rebecca A. Baltzer ritstýrðu, Oxford university press, New York, 2000, bls 3.

<sup>8</sup> Sálmton er flutningsmáti texta þar sem er ein aðalnóta sem texti er fluttur á en breytilegt upphaf og endir eftir sálmtoni. Þetta er afarfornt aðferð og merkileg sem væri of langt að fara í hér.

<sup>9</sup> Hér erum við að tala um tíðarsöngsform sem var notað í klaustrum og er það form sem notast er við í flestum kirkjum í dag þó að sjálfsögðu séu alls konar útgáfur til.

Upphaflega var Magnificat sungið að morgni en heilagur Benedikt færði það yfir í aftansöng.<sup>10</sup> Þessi lofsöngur, Magnificat, kemur úr Nýja testamentinu, Lúkasarguðspjalli og er eitt elsta og frægasta trúarljóð kristinnar trúar. Það syngur María mey og svarar upphrópun Elísabetar; „Blessuð sért þú meðal kvenna og blessaður ávöxtur lífs þíns“<sup>11</sup>

Maríudýrkun hefur lengi verið mikil innan Kaþólsku kirkjunnar. Eðlilega hefur vesper, þar sem sunginn er Lofsöngur Maríu, mikla þýðingu þar, einnig út fyrir klaustrin.<sup>12</sup> Þessi tíðargjörð lifði einnig góðu lífi innan Lútersku kirkjunnar eftir siðaskipti og má sjá leifar þess á Íslandi í jólaaftansöngnum. Hann er klukkan 18:00 og er vesper sem breytt var í messu nokkru eftir siðaskipti<sup>13</sup>.

Á hátíðum þar sem efni og aðstæður leyfðu var algengt að skreyta með raddsetningum nokkra liði tíðarsöngsins. Þetta á sér í lagi við um hymna, hluta úr Davíðssálmunum og loks lofsöngvana. Mikið af kirkjulegum kórverkum endurreisnartímans eru einmitt samin fyrir slík tilefni. Magnificat er t.d. til í fjölradda útsetningum eftir Dunstable, Dufay, Josquin, Obrecht, Gombert, Clemens non Papa<sup>14</sup> og síðast en ekki síst Palestrina sem samdi 35 slík.<sup>15</sup> Á stundum þótti þessi skreyting fara yfir strikið að mati páfa og kardinála líkt og sagan sýnir okkur en það er efni í aðra ritgerð.<sup>16</sup>

Ein af megináherslum Martin Luther í umbótum helgihalds var að auka til muna notkun móðurmálsins og átti það einnig við um tíðargjörðina.<sup>17</sup> Hann lagði þó aldrei til að eyða út latínunni heldur hvatti hann til að nota latínuna samhliða móðurmálinu.<sup>18</sup> Martin Luther taldi til dæmis að

---

<sup>10</sup> Charles Lee Jurgensmeier, „*The Magnificat in D Major: A study in performance and analysis*“, ProQuest Dissertation and thesis, 2000, bls 29.

<sup>11</sup> „Lúkasarguðspjall“, *Biblían: Nýja testamentið*, JPV útgáfa, Reykjavík, 2007, bls 72.

<sup>12</sup> Þessu hef ég kynnst sjálfur á Ítalíu.

<sup>13</sup> Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“, í *Íslensk þjóðmenning V: trúarhættir*, Frosti F. Jóhannsson ritstýrði, Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík, 1988, bls 234.

<sup>14</sup> Nægir að skoða verk helstu tónskálda endurreisnartímans. Þar er aragrúi tónverka sem samin eru fyrir liði tíðarsöngsins.

<sup>15</sup> *International Music Score Library Project*, IMSLP, 9. maí 2012, [http://imslp.org/wiki/XXXV\\_Magnificat\\_\(Palestrina,\\_Giovanni\\_Pierluigi\\_da\)](http://imslp.org/wiki/XXXV_Magnificat_(Palestrina,_Giovanni_Pierluigi_da))

<sup>16</sup> Hér má benda á kirkjuþingið í Trent 1543 - 63 sem hafði mikil áhrif á tónlist kaþólsku kirkjunnar.

<sup>17</sup> Charles Lee Jurgensmeier, *The Magnificat in D Major: A study in performance and analysis*“, ProQuest Dissertation and thesis, 2000, bls 17-18.

<sup>18</sup> Robin A. Leaver, *Luther's liturgical music: principles and implications*, Wm. B. Eerdmans publishing, 2007, bls 259-260.

tilvalið væri að skipta á milli þýsku, latínu, grísku og hebresku hvern sunnudag svo æskan kynntist betur menningu fortíðar og sinni kristnu arfleið.<sup>19</sup> Talsverð umræða varð um messur á móðurmálinu eftir að Luther lagði fram messusvör á þýsku árið 1526.<sup>20</sup> Margir höfðu áhyggjur af því að latínan hyrfi ef hætt yrði að nota hana innan kirkjunnar en Luther hvatti þá til að nota latínu og móðurmál samhliða í helgihaldi. Eftir því sem tíminn leið varð þróunin sú að á stórhátíðum var notuð latína en móðurmál aðra daga.<sup>21</sup> Þetta skýrir hvers vegna Magnificat Bach, Graupner og Kuhnau eru á latínu en ekki á móðurmálinu<sup>22</sup> sem því þau voru samið fyrir stórhátíð, jólavesper í Leipzig.<sup>23</sup>

## Magnificat í helgihaldi Leipzig - Aftansöngur

Íbúafjöldi í Leipzig við upphaf 18. aldar er talinn hafa verið rétt undir 30.000 manns og hvern sunnudag héldu hátt í 9000 til messu. Langflestir sóttu stærstu kirkjurnar, Tómasarkirkjuna og Nikulásarkirkjuna, sem tóku hvor um sig 2500 gesti.<sup>24</sup> Við upphaf 18. aldar, með batnandi efnahag borgarinnar, hafði færst í vöxt að stærri verk væru samin og flutt á stórhátíðum í Leipzig. Þegar Kuhnau féll frá lagði borgarráð Leipzig mikla áherslu á að ráða frægan tónlistarmann til starfa til að auka veg borgarinnar frekar.<sup>25</sup> Heimamaðurinn G. F. Telemann<sup>26</sup> hafði verið fenginn árið 1701 til að semja kantötur til að flytja á tveggja vikna fresti við Tómasarkirkjuna til að hrífa gesti<sup>27</sup>. Árið 1717 var passía eftir hann flutt á föstunni en strax árið 1721 eru konsertpassíur orðnar algengar í Leipzig<sup>28</sup>.

Vesper eða aftansöngur var sunginn hvern dag vikunnar í aðalkirkjunum í Leipzig. Á stórhátíðum var meira í hann lagt og boðið upp á viðameiri tónlistarflutning. Þá var Magnificat flutt í nokkurs

---

<sup>19</sup> Frank C. Senn, *New creation: a liturgical worldview*, Fortress press, Minneapolis, 2000, bls 122.

<sup>20</sup> Joseph Herl, *Worship wars in early lutheranism*, Oxford university press, New York, 2004, bls 8-16.

<sup>21</sup> ibid

<sup>22</sup> Meine Seele erhebet den Herren var þýsk þýðing á Magnificat og þá þegar í notkun við helgihald í Þýskalandi.

<sup>23</sup> Charles Lee Jurgensmeier, *The Magnificat in D Major: A study in performance and analysis*, ProQuest Dissertation and thesis, 2000, bls 34.

<sup>24</sup> Tanya Kevorkian, *Baroque piety: Religion, society and music in Leipzig, 1650-1750*, Ashgate publishing 2010, bls 30.

<sup>25</sup> Christoph Wolff, *Johann Sebastian Bach: Learned musician*, W. W. Norton & company, New York, 2001, bls 238.

<sup>26</sup> Telemann stundaði nám ungur í Leipzig og varð fljótt þekktur tónlistarmaður þar.

<sup>27</sup> Tanya Kevorkian, *Baroque piety: Religion, society and music in Leipzig, 1650-1750*, Ashgate publishing 2010, bls 39.

<sup>28</sup> ibid bls 39.



konar kantötuformi þar sem einsöngvari og kór skipta með sér köflum.<sup>29</sup> Í þessum verkum var yfirleitt byggt á kaflaskiptingu Magnificat eins og það var sungið á sálmtón við venjulegan vesper.<sup>30</sup> Um jólin var vesper í Leipzig sérlega viðamikill og mikilvægur<sup>31</sup> enda má benda á að þau þrjú verk sem skoðuð eru í þessari ritgerð voru öll frumflutt um jól.<sup>32</sup> Draga má þá ályktun að vesper um jólatímamann hafi verið talsvert vel sóttur og mikilvægur borgaryfirvöldum Leipzig enda velur Bach þetta tækifæri til að semja sitt Magnificat.<sup>33</sup> Það var þá hans viðamesta tónsmíð fyrir stóra hljómsveit, þrjá trompetta, fimm radda kór og einsöngvara. Einnig er verkið Magnificat eftir Johann Kuhnau, forvera Bach í starfi kantors Tómasarkirkjuna, mjög viðamikið á þess tíma mælikvarða. Athyglisvert er að Bach samdi ekki fleiri Magnificat. Hugsanleg skýring gæti verið að áhugi kirkjuyfirvalda hafi beinst meira í átt að kantötum og passíum en minni áhersla verið lögð á verk tengd Maríu mey.

---

<sup>29</sup> Charles Lee Jurgensmeier, *The Magnificat in D Major: A study in performance and analysis*, ProQuest Dissertation and thesis, 2000, bls 35-36.

<sup>30</sup> Þetta má sjá með því að skoða kaflaskipti hjá Bach, Graupner og Kuhnau og bera saman við Magnificat á sálmtón.

<sup>31</sup> Charles Lee Jurgensmeier, *The Magnificat in D Major: A study in performance and analysis*, ProQuest Dissertation and thesis, 2000, bls 36.

<sup>32</sup>Es dúr Magnificat Bach var frumflutt um jól en D- dúr útgáfa af Magnificat Bach var frumflutt á Boðunardegi Maríu 1733. Verkin eru í meginráttum eins utan tóntegundaskiptana og nokkurra minniháttar breytinga. Þó voru fleiri kaflar í fyrstu útgáfunni, jólatextar.

<sup>33</sup> Einnig sú staðreynd að Graupner var beðin um að semja slíkt verk fyrir Tómasarkirkjuna 1722

Í Leipzig var aftansöngur yfirleitt sunginn um miðdegi en ekki um kvöld eins og klausturhefðin segir til um<sup>34</sup>. Þegar Bach frumflutti sitt Magnificat þá var það flutt við vesper á jóladag 1723 klukkan 13:30 í Nikulásarkirkjunni og svo daginn eftir á sama tíma í Tómasarkirkjunni<sup>35</sup>. Form vespers sem notast var við í Leipzig kallast *Vespers gottesdienst*, vesper guðþjónusta, og eru liðirnir eftirfarandi:

Orgelforspil

Mótetta á latínu

Kantata á þýsku

Sálmur

Ritningarlestur

Ræða og skriftir

Fyrirbæinir

(Kantata, seinni hluti kantötunar ef hún var of löng)

**Magnificat**

Bæinir og kollekta

Blessun

Sálmur<sup>36</sup>

Í þessu formi er gert ráð fyrir að Magnificat sé sungið á sálmtóni og þó ví ekki mjög langt. Þegar það var flutt sem tónverk má vel hugsa sér að því hafi verið skipt upp, jafnvel sett í upphaf og lok eða kringum predíkun.<sup>37</sup> Kaflaskipting Magnificat býður vel upp á þetta og gæti skýrt út hvers vegna tónskáldin, sem fjallað er um í ritgerðinni, skrifa öll 7. kafla sem tutti og mynda þannig skil í verkum sínum.<sup>38</sup>

---

<sup>34</sup> Charles Lee Jurgensmeier, *The Magnificat in D Major: A study in performance and analysis*, ProQuest Dissertation and thesis, 2000, bls 38.

<sup>35</sup> Christoph Wolff, *Johann Sebastian Bach: Learned musician*, W. W. Norton & company, New York, 2001, bls 265.

<sup>36</sup> Charles Lee Jurgensmeier, „*The Magnificat in D Major: A study in performance and analysis*“, ProQuest Dissertation and thesis, 2000, bls 43-44.

<sup>37</sup> Ibid, bls 43

<sup>38</sup> Sjá Töflu 2 í kaflagreiningu, hljóðfæraskipan. Þar sést að öll tónskáldin skrifa kafla 7 fyrir fulla hljómsveit og kór.

## Tónskáldin og Leipzig

Johann Kuhnau var fæddur árið 1660 í Geising ekki langt frá Dresden í Þýskalandi og er elstur þeirra tónskálda sem tekin eru fyrir í þessari ritgerð. Hann hlaut góða tónlistarmenntun í Dresden og Zittau en árið 1682 flutti hann til Leipzig til að læra lögfræði. Þar sóttist hann eftir að verða organisti við Tómasarkirkjuna og hlaut þá stöðu. Frá árinu 1684 starfaði hann sem organisti ásamt námi við lagadeild. Árið 1701 var Kuhnau valinn kantor við Tómasarkirkjuna sem var æðsta staða kirkjutónlistarmanns í Leipzig. Hann hélt þeirri stöðu til dauðadags 1722.

Innan kirkjutónlistarinnar er Kuhnau meðal annars þekktur fyrir að þróa kantötuformið og má rekja kóralsöng í upphafi og lok kantata til hans. Einnig hóf hann prentun og sölu á textablöðum verka, sem flutt yrðu í stærstu kirkjunum komandi sunnudag eða á stórhátíðum, og fólk gat tekið með sér til messu.<sup>39</sup> Hann skrifaði all margar fræðibækur, ekki bara um tónlist, sem báru nafn hans vítt og breitt um Þýskaland.<sup>40</sup>

Christoph Graupner (1683-1760) var eitt þekktasta tónskáld Þýskalands barrokk tímans. Ungur lærði hann tónlist við Tómasarskólann í Leipzig og var Kuhnau kennari hans. Graupner tengist einnig G. P. Telemann nánnum böndum og þeir stunduðu nám á sama tíma í Leipzig. Árið 1712 hlýtur Graupner stöðu Kapellmeister við hirð Ernst Ludwig í Darmstadt og undir hans stjórn eykst allt tónlistarlíf við hirðina en ólíkt starfi kirkjutónlistarmanns þá urðu hirðtónskáld að sinna mun meira af veraldlegri tónsköpun. Árið 1722 sótti Graupner um stöðu kantors við Tómasarkirkjuna í Leipzig eftir að Telemann hafði hætt við. Graupner fékk stöðuna en ekki leyfi frá vinnuveitanda sínum sem bauð honum launahækkun og meiri fríðindi og við það sat.<sup>41</sup>

Eftir Graupner liggja 1418 kirkjukantötur, 24 veraldlegar kantötur, 113 sínfóníur, 50 konsertar, 86 svítur, 36 kammersónötur, 12 óperur og fjölda hljómborðsverka.

---

<sup>39</sup> Johann Kuhnau, „Magnificat“, Evangeline Rimbach ritstýrðir, *Recent researches in the music of the baroque era Volume XXXIV*, A-R editions, Inc, Wisconsin 1980, bls vii.

<sup>40</sup> Tanya Kevorkian, *Baroque piety: Religion, society and music in Leipzig, 1650-1750*, Ashgate publishing 2010, bls 125.

<sup>41</sup> Christoph Wolff, *Johann Sebastian Bach: Learned musician*, W. W. Norton & company, 2001, bls 223.

Ólíkt Kuhnau og Graupner tengist Johann Sebastian Bach (1685-1750) lítið Leipzig fyrr 1722 þá hann sækist eftir stöðu kantors við Tómasarkirkjuna þar í borg. Þó ferðast Bach til Leipzig árið 1717 til að meta nýsmíðað orgel Pálskirkjunnar og gæti þar hafa hitt Kuhnau<sup>42</sup>.

### **Tengsl Kuhnau, Graupner og Bach: Leipzig 1722 - 1723**

Árið 1722 lést Kuhnau eftir farsælan feril sem Tómasarkantor. Umsækjendur um stöðuna voru í upphafi tólf talsins. Í þeim hópi var G. F. Telemann og virðist hann hafa verið sá kandidat sem borgarráð Leipzig vildi til starfsins enda var hann ráðinn eftir mjög lítinn umhugsunartíma<sup>43</sup>. Borgarráðið sóttist sérlega eftir tónlistarmanni sem væri þekktur fyrir sína kirkjutónlist en ekki síður veraldlega tónlist. Þessi ráðning átti að auka frægð Leipzig út á við og Telemann smellpassaði í það hlutverk. Hann hafði auk þess lært í Leipzig og hafði þar ítök umfram marga aðra umsækjendur.<sup>44</sup>

Telemann hættir við fljótlega eftir ráðningu. Þá er aftur leitað og birtist nafn Bach í þeirri umferð, enda mjög líklegt að Bach hafi gert sér grein fyrir að Telemann hafi verið lofað stöðunni og því ekki sótt um strax. Þeir þekktust en Telemann var guðfaðir sonar Bach C. P. E. Bach.

Í seinni umferðinni hafði annað nafn einnig bæst við, Christoph Graupner sem þá strax var metinn hæfastur enda fyrrverandi nemandi í Tómasarskólanum. Graupner var einnig fyrrverandi nemandi tveggja kantora Tómasarkirkjunnar, Kuhnau og Schelle. Bach og Graupner voru beðnir um að leggja fram tvær kantötur hvor við fyrir fram ákveðinn texta. Þær voru ætlaðar til flutnings 17. janúar hjá Graupner en 7. febrúar hjá Bach og áttu að þeir að vera dæmdir út frá þeim.<sup>45</sup> Einnig var Graupner beðinn um að leggja fram Magnificat til flutnings í jólavesper 1722, nokkuð sem Bach stóð ekki til boða.<sup>46</sup>

---

<sup>42</sup> ibid bls 187.

<sup>43</sup> ibid bls 218.

<sup>44</sup> Tanya Kevorkian, *Baroque piety: Religion, society and music in Leipzig, 1650-1750*, Ashgate publishing, Farnham, 2010, bls 129.

<sup>45</sup> Christoph Wolff, *Johann Sebastian Bach: Learned musician*, W. W. Norton & company 2001, New York, bls 221.

<sup>46</sup> ibid bls 221.

Strax um miðjan janúar, áður en umbeðin verk voru frumflutt hafði bæjarráðið ákeðið að bjóða Graupner stöðuna. Þetta er áður en Bach fær tækifæri til að leggja fram sín verk. Graupner fær þá ekki leyfi landgreifans Ernst Ludwig af Hesse-Darmstadt til að hætta störfum. Þá er Bach metinn hæfastur og í maí 1723 flytur hann til Leipzig til að taka við stöðu kantors við Tómasarkirkjuna<sup>47</sup>.

---

<sup>47</sup> Ibid bls 237.

# Tónverkin - Samanburður á köflum

Í þessari greiningu eru borni saman þrjú Magnificat sem samin eru á nokkuð svipuðum tíma. Nákvæmt ártal er ekki til fyrir verk Kuhnau en hin tvö eru samin innan tveggja ára hvort frá öðru. Fyrst er farið í kaflagreiningu þar sem settir eru upp kaflar verkanna og skoðaðar tóntegundir, hljófæraskipan, taktur og fleira sem kann að hjálpa við greiningu. Í seinni hluta eru tekin fyrir aðalstef hvers kafla og sett upp saman. Þar er safnað saman upplýsingum og ályktanri dregnar út frá því. Með þessu er verið að leita að sameiginlegum einkennum með verkunum. Mesta athygli fá verk Graupner og Bach enda verið sjá hvort Bach noti vísvitandi tilvitnanir í verk Graupner.

## Tónverkin

### A. Johann Kuhnau (1660 - 1722) Magnificat í C dúr

*Hljóðfæraskipan: clarino (hár trompet) I,II,III, timpani, óbó I,II, fiðla I,II, víóla I,II, continuo.*

*Kór SSATB Sólistar SATB*

Magnificat Kuhnau er skrifað á Leipzig tíma hans, milli 1701 - 1722 en ekki eru til nákvæmar heimildir um hvenær. Það er stærsta kórverk tónskáldsins en ekki hafa fundist fleiri Magnificat eftir hann. Að öllum líkindum var verkið hugsað fyrir jólavesper líkt og verk Graupner og Bach. Kuhnau skiptir ekki Quia respexit upp í tvo kafla eins og Bach og Graupner og því er enginn kafli 4. Omnes, hjá honum. Þess vegna set ég innan sviga 3a og 3b og á það við um verk Kuhnau. Hins vegar er örlítil breyting hjá Kuhnau innan kaflans við textann omnes, tóntegundaskipti og tek ég það fram í greiningunni.

### B. Christian Graupner (1683-1760) Magnificat 1722 í C dúr

*Hljóðfæraskipan: trompet I,II, timpani, óbó (einungis í tveimur köflum 3 og 6 ekki innifalið í tutti), fiðla I,II, víóla, continuo.*

*Kór SATB Sólistar SATB*

Verk Graupner var ætlað til flutnings jólin 1722 og er hluti af umsókn hans um stöðu Tómasarkantors í Leipzig það ár. Graupner skiptir verkinu nokkuð öðruvísi en hinir tveir því hann setur kaflana Deposuit, esurientes, suscepit og sicut locutus í einn kafla meðan að Bach og Kuhnau skipta þeim upp í aðskilda kafla. Því set ég númer innan sviga í töflum, 8a - 8d, og á það við um

Graupner. Það eru smá breytingar á hverjum textahluti í kafla 8 hjá Graupner, laglína, tóntegundir og stemning og tek ég það fram í greiningunni þar sem það á við.

### **C. Johann Sebastian Bach (1685-1750) Magnificat BWV 243 í D-dúr**

*(bww 243a í Es dúr)*

*Hljóðfæraskipan: trompet I,II, III, timpani, traverso I,II (blokkflautur í Es dúr útgáfunni 1723), óbó I,II, fiðlur I,II, víóla, continuo.*

*Kór SSATB Sólistar SSATB*

BWV 243a (Es) 243 (D) var fyrsta stóra verk Bach eftir að hann tók við stöðu kantors við Tómasarkirkjuna í Leipzig. Upprunarlega útgáfan er í Es dúr en á tímabilinu 1732 - 1735 endurskoðar hann útgáfuna og tónflytur í D dúr. Líklega er það til að auðvelda trompetleikurunum að spila verkið en D dúr hentar þeim betur en Es. Einnig sleppir hann blokkflautum og fær flautu traverso eða þverflautur. Annars er hljóðfæraskipan að mestu alveg eins. D- dúr útgáfan virðist hafa verið hugsað sem sjálfstætt verk á boðunardegi Maríu þar sem köflum með jólatextum var sleppt í þeirri útgáfu. Þeir voru flestir á þýsku en hafa ekki áhrif á verkið sem heild og virðast fremur vera til að fylgja kröfum helgihaldsins. Samsvarandi jólakaflar eru ekki í verkum Kuhnau og Graupner.

## Tafla 1 - Tóntegundir og taktboðar

Nafn og sæti innan tóntegundar.

„-“ þýðir tónflutningur

Kafli	Tóntegundir			Taktboðar		
	A (K)	B (G)	C (B)	A	B	C
1. Magnificat	C/I	C/I	D/I	4/4	4/4	3/4
2. Et exultavit	a/vi	C/I	D/I	12/8	3/4	3/8
3. Quia respexit (3a)	e/iii	a/vi	h/vi	4/4	3/4	4/4
4. Omnes generationes (3b)	C/I	C/I	fís/iii	x	4/4	4/4
5. Quia fecit	C/I	G/V	A/V	4/4	4/4	4/4
6. Et misericordia	g/v	e/ii	e/ii	4/4	3/4	12/8
7. Fecit potentiam	C/I	C/I	G/IV-D/I	4/4	3/8	4/4
8. Deposuit (8a)	C/I - G/V	F/IV - G/V	fís/iii	4/4	3/4	3/4
9. Esurientes (8b)	G/V	x	E/II (v/v)	4/4	x	4/4
10. Suscepit Israel (8c)	e/iii	x	h/vi	3/2	x	3/4
11. Sicut locutus est (8d)	C/I	x	D/I	4/4	x	2/2
12a. Gloria patri (gloria)	a/vi	C/I	A/V	4/4	4/4	4/4
12b. Gloria patri (sicut erat)	C/I	C/I	D/I	4/4	4/4	3/4

## Tafla 2 - Hljóðfæraskipan

Óbó koma ekki fyrir í tutti köflum hjá Graupner. Continuo (selló, orgel/semball, lúta) eru í öllum köflum og þarf ekki að taka það sérstaklega fram. Tutti kaflar eru alltaf með kór en Kuhnau og Graupner nota stundum sólista í hluta kórkafla, stutta frasa. Þetta gerir Bach ekki en líklega hafa sólistarnir alltaf sungið með kórnum.

Kafli	A Kuhnau	B Graupner	C Bach
1. Magnificat	Tutti	Tutti	Tutti
2. Et exultavit	óbó, sópr. sóló	Tutti	Strengir, sópran II sóló



Kafli	A Kuhnau	B Graupner	C Bach
3. Quia respexit (3a)	fiðla I,II alt sóló	óbó I,II, fiðlur unison, sópran sóló	óbó, sópran I sóló
4. Omnes generationes (3b)	x	Tutti	Tutti
5. Quia fecit	Tutti	Strengir, tenór sóló	cont, bassi sóló
6. Et misericordia	Strengir, tenór sóló	óbó, strengir, sópran sóló	Flauti I,II, strengir, dúett alt, tenór
7. Fecit potentiam	Tutti	Tutti	Tutti
8. Deposuit (8a)	Dúett sópran og bassi með cont.	Strengir, bassi sóló	Fiðlur unison, tenór sóló
9. Esurientes (8b)	Strengir, dúett sópran og alt	Strengir, tenór sóló	Flauti I, II, alt sóló
10. Suscepit Israel (8c)	Strengir, tenór sóló	Strengir, S, A, T, B, sóló,	óbó, (trompet í 1723) SSA sóló eða kór.
11. Sicut locutus est (8d)	Tutti	Strengir, sópran, tenór sóló, Abraham kór.	Cont. og kór.
12a. Gloria patri (gloria)	strengir, bassi sóló	Tutti	Tutti
12b. Gloria patri (sicut erat)	Tutti	Tutti	Tutti

### Tafla 3 - Lengd kafla og stemning

Fjöldi takta og stemning hvers kafla fyrir sig<sup>48</sup>

Skipt í a) Gleðileg b) Áköf c) Virðuleg d) Róleg

Kafli	A	B	C	A	B	C
1. Magnificat	44	16	90	a	a	a
2. Et exultavit	47	49	92	c	a	c
3. Quia respexit (3a)	32	31	24	d	d	d
4. Omnes generationes (3b)	x	13	27	x	c	b
5. Quia fecit	32	29	34	a	a	c
6. Et misericordia	36	48	27	c	d	d

<sup>48</sup> Huglægt mat út frá hlustun og lestur á nótum.

<b>Kafli</b>	<b>A</b>	<b>B</b>	<b>C</b>	<b>A</b>	<b>B</b>	<b>C</b>
7. Fecit potentiam	23	34	35	a	b	b
8. Deposuit (8a)	12	27	67	a	c	b
9. Esurientes (8b)	22	12	43	a	d	c
10. Suscepit Israel (8c)	77	14	37	d	d	d
11. Sicut locutus est (8d)	33	17	53	c	c	c
12a. Gloria patri (gloria)	35	15	19	a	a	a
12b. Gloria patri (sicut erat)	35	50	23	a	a	a

#### Tafla 4 - Kór eða aría

<b>Kafli</b>	<b>A Kuhnau</b>	<b>B Graupner</b>	<b>C Bach</b>
1. Magnificat	kór	kór	kór
2. Et exultavit	aría - sópran	kór	aría - sópran
3. Quia respexit (3a)	aría - alt	aría - sópran	aría - sópran
4. Omnes generationes (3b)		kór	kór
5. Quia fecit	kór	aría - tenór	aría - bassi
6. Et misericordia	aría -tenór	aría - sópran	aría - alt&tenór
7. Fecit potentiam	kór	kór	kór
8. Deposuit (8a)	aría - sópran&bassi	aría - bassi	aría - tenór
9. Esurientes (8b)	aría - sópran&alt	aría - tenór	aría - alt
10. Suscepit Israel (8c)	aría -tenór	kór	trío/kór - SSA
11. Sicut locutus est (8d)	kór	kór	kór
12a. Gloria patri (gloria)	aría - bassi	kór	kór
12b. Gloria patri (sicut erat)	kór	kór	kór

# Stefjasamanburður og niðurstöður<sup>49</sup>

Kh = Kuhnau Gr = Graupner Bc = Bach

## 1 Kafli Magnificat

Kuhnau Magnificat í C 1. kafli tkt 13 - 14

Sópran  

Graupner Magnificat í C 1. kafli tkt 10 - 12

Sópran  

Bach Magnificat í D 1. kafli tkt 31 - 33

Sópran 1  

Bach Magnificat í D 1. kafli takt 1 - 2

Óbó I  

Bach Magnificat í D 1. kafli takt 1 - 2

Fiðla 1  

Fiðla 2  

Viola 

Graupner Magnificat í C 1. kafli tkt 1 - 2

*Magnificat anima mea Dominum,  
Ónd mín miklar Drottin,*

Talsverð samsvörun er milli verkanna í fyrsta kaflanum, Bc notar þó þrískiptan takt meðan hinir eru í jöfnum 4/4. Textinn býður upp á að gleði Maríu skíni í gegn, þar sem hún lofar Guð sinn og eru þetta kórkaflar með fullri hljómsveit hjá öllum þremur. Hjá Gr er þó þessi hluti mun styttri en hjá hinum, aðeins 16 taktar meðan að hann er 40 hjá Kh. Bc bætir um betur með 90 tóktum og er þessi kafli viðamesti hluti Magnificat hans. Merkilega skýr samsvörun er milli tónefnis í upphafinu hjá Gr og Bc þar sem sjá má mjög lík stef í hljómsveitinni m.a. Fiðla I hjá Gr og óbó hjá Bc sem og trompet stef Gr og strengir hjá Bc. Stefið Magnificat hjá Bc er áberandi viðameira en hjá hinum tveimur en enn má sjá skyldleika milli Bc og Gr þar sem stökk upp um ferund er áberandi hjá báðum. Einnig tvítaka Bc og Gr orðið Magnificat í upphafi. Hjá öllum þremur má finna sama hryn, upptakt og svo punteraða nótu á orðinu Magnificat.

49 Þegar ég ber saman stef í verkinu legg ég aðaláherslu á laglínur sungins upphafsstefs hvers kafla, stundum má deila um hvert sé upphafsstef eða aðalstef og er greining mín persónulegt mat í hvert skipti. Í texta greiningar skoða ég laglínur og kafla til að finna hvað sé sameiginlegt með verkunum.

## 2 kafli Et exultavit

Kuhnau Magnificat í C 2. kafli tkt 10 - 11

Sópran söló  Et ex-sul-ta - vit

Sópran söló  spi - ri - tus, spi - ri - tus me - us,

Graupner Magnificat í C 2. kafli tkt 21 - 23

Alt söló  Et ex-ul-ta - vit

Alt söló  spi - ri - tus, spi - ri - tus m - us,

Bach Magnificat í D 2. kafli tkt 13 - 14

Sópran söló  Et ex - ul - ta - vit,

Sópran söló  spi - ri - tus me - us,

*et exultavit spiritus meus in Deo salvatore meo,  
og andi minn gleðst í Guði, frelsara minum,*

Texti annars hluta er áfram María sem talar beint til Guðs og vinnur Gr það ólíkt hinum á þann hátt að hann tengir saman fyrstu tvo kaflana, er með sömu hljómsveitarskipan og í fyrri kafla en Bc og Kh gera mun skýrari skil milli kafla. Kh og Bc nota báðir sópran til að túlka orð Maríu en Gr kór og tvo sólista. Einnig er stemning kafla Kh og Bc að mörgu leyti lík, dansandi þrískiptur hrynur en þó með talsverðum virðuleika. Ekki er að sjá skýra samsvörun milli stefja hjá Bc og Kh. Þó er athyglisvert að þeir setja báðir orðið „et“ „og“ á þungt slag en Gr á upptakt, allir þrír eru þó með stígandi laglínu á „et exultavit“. Skýrasta samsvörunin er milli Gr og Bc þar sem „et exultavit“ hjá báðum spannar sama tónbil þó að Gr noti mun fleiri nótur til að koma því til skila.

### 3 kafli Quia respexit

Kuhnau Magnificat í C 3. kafli tkt 1 - 4

Alt sóló   
Qui- a, qui- a, qui-a re-spex-it hum-i-li-ta-tem, hu-mi-li-ta-tem

Bach Magnificat í D 3. kafli tkt 6 - 7

Sópran sóló   
Qui - a re - spe - xit hu - mi - li - ta - tem.

Graupner Magnificat í C 3. kafli tkt 9 - 12

Sópran sóló   
Qui - a re - spe - xit, re - spe - xit hu - mi - li - ta - tem,


*quia respexit humilitatem ancillae suae,  
því hann hefur litið til ambáttar sinnar í smæð hennar,*

Hér breytist texti Magnificat, ekki jafn mikill lofsöngur og fyrri tvö versin og lýsa öll tónskáldin því með dempaðri stemningu. Allir nota moll tóntegundir, Gr og Bc sammarka moll. Bæði Bc og Gr nota óbó, sópran sóló og mjög einfalda tónsetningu. Ekki er áberandi samsvörun með stefjaefni þó að Gr og Bc tónsetji „humilitatem“ á mjög líkan hátt. Það má líka benda á að hjá Gr er upphafið fallandi sexund en hjá Bc er fallandi sexund í lokin á „quia respexit“ og ef vel er athugað má sjá að tónsvið þessa upphafs er að mörgu leyti líkt, bara speglað.

### 4 kafli Omnes generationes


(ekki sjálfsæður kafli hjá Kuhnau, en sjálfstætt stef innan kafla 3)

Kuhnau Magnificat í C 3. kafli tkt 18 - 19

Alt sóló   
omn-es gen-e-ra-ti-o-nes,

Graupner Magnificat í C 4. kafli tkt 1 - 3

Bassi   
O-mnes ge-ne-ra - - - - ti - o - nes,

Bassi 

O-mnes, o-mnes ge-ne-ra-ti-o - - - nes,

*omnes generationes  
allar þjóðir*

Kh setur þennan kafla sem hluta af „Quia respexit“ enda er textinn þar ein heild en Gr og Bc setja þennan textahluta, „omnes generationes“ sem sér kafla. Þetta er kórkafla hjá báðum, tutti hjá Gr en án trompetta og páka hjá Bc. Stefin eru nokkuð lík hjá Bc og Gr, þó svo að hjá Bc sé það mun viðameira og spanni mikið raddsvið. Upphafið er eins hjá þeim en svo er eins og Bach vilji virkilega sýna hvernig á að búa til almennilegar laglínur og hann víkkar út og fyllir upp í allt raddsvið bassans.

### 5 kafli Quia fecit

Bassi 

Qui - a fec - it mi - hi ma - - - - - gna.

Tenór sóló 

Qui - a fe - cit mi - hi ma - gna,

Bassi sóló 

Qui - a fe - cit mi - hi ma - gna,

*quia fecit mihi magna, quit potens est et sanctum nomen eius.  
því að mikla hluti hefur hinn völdugi gert og heilagt er nafn hans.*

Túlkun tónskáldanna á þessum texta er ólík. Kh orkestrerar þennan kafla sem tutti og kór enda býður textinn upp á það með „mikla hluti“ og „völdugi gert“, en Gr og Bc sem sólókafla. Líklega gera þeir það þar sem þeir höfðu kórkafla rétt á undan ólíkt Kh. Það er athyglisvert að meðan þetta

er einn viðamesti kafli Kh í hans Magnificat þá er þetta á sama hátt einn viðaminnsti kafli Bc, bara bassi sóló og fylgirödd, engin önnur hljóðfæri. Gr fer milliveg en þó er þetta einn stærsti kaflinn í hans verki einnig, strengir, tenór sóló og fylgirödd. Stef Gr og Bc eru mjög lík í hrynn og stökk niður á sömu orðunum, mihi og magna.

## 6 kafli Et misericordia

Kuhnau Magnificat í C 5. kafli tkt 6 - 8

Tenór sóló

Et mi - se - ri - cor - - di - a e - jus,

Graupner Magnificat í C 6. kafli tkt 12 - 16

Sópran sóló

Et mi - se - ri - cor - - di - a e - jus,

Bach Magnificat í D 6. kafli tkt 4 - 5

Alt sóló

Tenór sóló

Et mi - se - ri - cor - di - a

Et mi - se - ri - cor - di - a


*Et misericordia eius a progenie in protenies timentibus eum.*

*Miskunn hans við þá er óttast hann varir frá kyni til kyns.*

Öll tónskáldin setja þennan kafla í moll enda er talað um miskunn og ótta, Kh notar jafnan takt en Gr og Bc þrískiptan. Annars er ekki teljandi skyldleiki milli tónskáldanna í þessum kafla.

7 kafli Fecit potentiam

Kuhnau Magnificat í C 6. kafli tkt 3 - 4

Sópran  Fe - cit po - ten - ti - am in bra - chi - o su - o

Graupner Magnificat í C 7. kafli tkt 5 - 10

Sópran  Fec - it po - ten - ti - am, fe - cit po - ten - ti - am in bra - chi - o su - o,

Bach Magnificat í D 7. kafli tkt 1 - 2

Sópran  Fe - cit po - ten - ti - am, fe - cit po - ten - ti - am,

Bach Magnificat í D 7. kafli tkt 1 - 2

Tenór  Fe - cit po - ten - ti - am

Kuhnau Magnificat í C 6. kafli tkt 12 - 13

Bassi  di - sper - sit, di - sper - sit, su - per - - - bos

Bach Magnificat í D 7. kafli tkt 15 - 16

Tenór  sper - sit, di - sper - sit, di - sper - sit, di - sper - - -

*Fecit potentiam in brachio suo: dispersit superbos mente cordis sui.*  
Máttarverk hefur hann unnið með armi sínum og drembilátum í hug og hjarta hefur hann tvístrað.

Nú snúa öll tónskáldin aftur í grunntóntegund, Bc hefur kaflann raunar á IV sæti en er fljótlega einnig kominn á I, allir skrifa þeir kaflann fyrir fulla hljómsveitina og kór, tutti, enda er þessi texti



einn af áhrifameiri versum ljóðsins þar sem talað er um að tvístra drempilátum. Þetta er einnig nokkurn veginn miðjan í öllum verkunum þremur, sem og þriðji kórkaflinn hjá þeim öllum<sup>50</sup>. Hér má sjá nokkurn skyldleika með stefjum, sérstaklega hjá Gr og Bc. Hrynurinn í sópransteffi er sá sami hjá þeim þó svo að Bc byrji með upptakti og Gr sé í þrískiptum takti. Nægir að ímynda sér stef Bc í 3/8 til að sjá skyldleikann. Einnig er mikill skyldleiki með laglínunum, (fimmund upp og ferund niður eru sömu tónar innan tónstiga) og þeir skrifa „Fecit potentiam“ með sömu nótnagildum. Milli Kh og Bc má finna samsvörun á orðinu „dispersit“ sem kemur seinna fyrir í kaflanum. Flúraða stefið á „Fecit“ hjá Bc er í raun og veru sama stef og kemur í sópran, stökk upp um þríund, niður á grunntón og svo stökk niður um ferund.

## 8 kafli Deposuit potentes

Kuhnau Magnificat í C 7. kafli tkt 1 - 2

Bassi sóló 

De - po - su - it po - ten - tes, po - ten - tes, po - ten - tes,

Graupner Magnificat í C 8. kafli tkt 6 - 9

Graupner Magnificat í C 8. kafli tkt 14 - 15

Bassi sóló 

De - po - - - - - su - it po - ten - tes, po - ten - tes de - sed - e,

Bach Magnificat í D 8. kafli tkt 14 - 16

Bach Magnificat í D 8. kafli tkt 18 - 20

Tenór sóló 

De - po - - - - - su - it, po - ten - - - - - tes

*Deposuit potentes de sede, et exaltavit humiles,  
Valdhöfum hefur hann steypt af stóli og upp hafði smælingja,*

Á þessum tímamarki skiljast verk meistarana nokkuð að og þá á sérstaklega við um verk Gr. Hann ákveður að sameina fjóra textahluta í einn kafla þó svo að innan kaflans séu breytingar. Bc og Kh búa til fjóra sjálfstæða kafla. Þetta er mjög ólík nálgun og skrifast kannski á tímaleysi hjá Gr, því þótt hann breyti laglínunum eftir textahluta þá er hljómsveitin alltaf eins í þessum hluta. Kh gerir nánast það sama með Deposuit og Esurientes, mikil líkindi milli kaflana og þá mætti flytja *attacca* en þó verður að tala um þá sem tvo mismundandi kafla. Öll tónskáldin fara svolítið sínar eigin leiðir með Deposuit en þó má sjá skyldleika milli þeirra allra hvernig upphafsstefið er, fallandi tónstigi

<sup>50</sup> Graupner hefur kafla 2. Et exultavit, sem kórkafla en þar sem sá kafli er ekki sjálfstæður að öllu leiti í verkinu tel ég kafla 1 og 2 hjá honum sem einn kórkafla.

sunginn af karlrödd. Laglínur Bc og Gr eru skemmtilega líkar ef vel er að gáð, t.d. nótnagildin á orðinu potentes, sem eru alveg eins.

## 9 kafli Esurientes

(ekki sjálfstæður kafli hjá Graupner, en sjálfstætt stef innan kafla 8.)

Kuhnau Magnificat í C 8. kafli tkt 2 - 3

Sópran sóló  
E - su - ri - en - tes - e - su - ri -  
Alt sóló  
E - su - ri - en - tes - e - su - ri -  
Vln. I  
en - tes - im - ple - vit - bo - nis  
Vln. I  
en - tes - im - ple - vit - bo - nis

Graupner Magnificat í C 8. kafli tkt 28 - 31

Tenór sóló  
E - su - ri - en - tes im - ple - vit bo - nis,

Bach Magnificat í D 9. kafli tkt 8 - 9

Alt sóló  
E - su - ri - en - tes im - ple - vit bon - is,

*Esurientes implevit bonis: et divites dimisit inanes.*

*hungraða hefur hann fyllt gæðum en látið ríka tómhenta frá sér fara.*

Þessi kafli er mjög dansandi hjá þeim öllum, hjá Bc er talsverð *pastorale* stemning þökk sé flautum og hjá Kh er einnig gleðileg stemning. Athyglisvert er að sjá líkindin á laglínunum Gr og Bc, en þar eru tenginótur án texta á nánast sömu stöðum. Línurnar liggja svipað í tónhæð og eina punteringin er á sama orðahluta hjá báðum.

## 10 kafli Suscepit Israel

(ekki sjálfstæður kafli hjá Graupner, en sjálfstætt stef innan kafla 8.)

Kuhnau Magnificat í C 9. kafli tkt 12 - 15

Tenór sóló



Su - sce - pit\_ Is - ra - el pu - e - rum su - um\_

Graupner Magnificat í C 8. kafli tkt 40 - 43

Sópran



Su - sce - pit I - sra - el pu - e - rum su - um

Bach Magnificat í D 10. kafli tkt 1 - 4

Sópran



Su - sce - pit\_ I - sra - el pu - e - rum\_ su - um\_

Ekki er að sjá mikla samsvörun hjá tónskáldunum í þessum kafla. Þessi kafli er svolítið sér á báti í verki Bach, mjög rólegur og einfaldur en á sama tíma innilegur og fallegur.

## 11 kafli *Sicut locutus est*

(ekki sjálfstæður kafli hjá Graupner, en sjálfstætt stef innan kafla 8.)

Kuhnau Magnificat í C 10. kafli tkt 1-3

Alt

Si - cut lo - cut - us est ad pa - tres, ad pa - tres\_ no - stros,

Graupner Magnificat í C 8. kafli tkt 56 - 59

Tenór

Sic - ut lo - cu - tus est ad pa - tres no - stros

Bach Magnificat í D 11. kafli tkt 1 -5

Bassi

Si - cut lo - cu - tus est ad pa - tres no - stros


*Sicut locutus est ad patres nostris, Abraham et semini eius in saecula.*  
*eins og hann hét feðrum vorum, Abraham og niðjum hans eilíflega*

Kh og Bc semja hér báðir fúgu, þá viðamestu í verki beggja. Hjá Kh er hún skrifuð fyrir alla hljómsveitina en hjá Bc eingöngu kór og continuo. Bæði tónskáld snúa aftur á I. sæti, heimatöntegund. Gr á hinn bóginn skrifar bara stuttan kórkafla innan heildarinnar sem fyrr var minnst á og er furðulega rýr þegar tónsetningar Bc og Kh á þessum texta eru skoðaðar. Laglína *Sicut virðist* skyld hjá þeim öllum, tónsviðið rúmast að mestu innan fimmundar, bara niðurlag fúgustefsins hjá Kh og Bc fara út fyrir tónsviðið til að þjóna fúgunni. Allir þrír byrja svipað og fara upp á fimmundina á orðinu *patres*. Þessi kafli er síðasti textahluti Magnificat eins og hann kemur fyrir í Biblíunni, en í tíðarsöng er alltaf sungið *Gloria patri* í lokin.

12 kafli a) Gloria b) Sicut erat in principio

Kuhnau Magnificat í C 11. kafli tkt 1-2

Kuhnau Magnificat í C 11. kafli tkt 7 - 8

Bassi 

Graupner Magnificat í C 9. kafli tkt 6 - 9

Sópran 

Bach Magnificat í D 12. kafli tkt 1 - 3

Sópran Bassi 

Kuhnau Magnificat í C 11. kafli tkt 36 - 40

Alt 

Graupner Magnificat í C 9. kafli tkt 16 - 20

Bassi 

Bach Magnificat í D 12. kafli tkt 22 - 23

Alt 

*Gloria patri et filio et spiritui sancto, sicut erat in principio, et nunc et smper, et in seculorum. Amen.  
Dýrð sé Guði, syni og heilögum anda, svo sem var í upphafi er og verður um aldir alda. Amen.*

Öll tónskáldin skipta lokakaflanum í tvennt, fyrri hluti fram að „sancto“ og síðari hluti frá „sicut erat“. Að þessu sinni gera Gr og Kh meira úr þessum texta en Bc og er þessi lokahluti mun lengri hjá þeim. Bc tengir „sicut erat in principio“ við fyrsta kafla síns Magnificat á skemmtilegan hátt með svipuðu tónefni og undirstrikar þannig merkingu setningarinnar, „eins og var í upphafi“. Kh og Gr ljúka verkum sínum með fúgum. Kaflinn er tutti hjá öllum og orðið „Gloria“ tónsetja þeir nánast eins, en Kh með bassasóló en Bc og Gr með kór. Skyldleiki stefja í „Sicut“ er nokkuð greinilegur einnig en Gr og Kh nota eins nótnagildi og tónsetja orðin eins, Bc notar tónstiga upp um fimmund og er þá hugsanlega að vitna í Kh.

## Lokaorð

Texti Magnificat býður upp á nokkuð víða túlkun í tónum þó að eflaust hafi myndast hefðir í textameðhöndlun sem erfðust milli alda og tónskáld tóku tillit til í helgihaldinu. Einnig bjóða setningar og orð upp á að tónskáld túlki hluti á svipaðan hátt þó svo að þau þekki ekki endilega verk hvers annars. Eftir greiningu mína á verkum Kuhnau, Graupner og Bach finnst mér ég geta sagt að það sé talsverð samsvörun með þessum verkum en þó einna mest milli Bach og Graupner. Mér virðist Bach hafa notað stef frá Graupner en umbreytt þeim og stækkað. Verk Kuhnau er nokkuð greinilega kynslóð eldra en hinna tveggja og er tónmálið nokkuð eldra. Mikið af þessum tilvitnunum geta verið tilviljanir og sambland af hefðum og tilfinningu. Þó finnst mér of mörg dæmi um líkindi milli Bach og Graupner til að afgangi það sem tilviljanir. Til að mynda eru fyrsti kaflinn hjá Graupner og Bach oft sláandi líkir. Graupner virðist á sama hátt vísa í kennara sinn Kuhnau á þó nokkrum stöðum og greinileg samsvörun í stefjaefni. Notkun á kór og aríum er mjög lík milli tónskáldanna, ef frá er talinn kaflinn þar sem Graupner sameinar fjóra textahluta í einn kafla. Sá kafla er áberandi minnst spennandi hluti verks Graupner og hlýtur hann að hafa þurft að flýta sér vegna tímaskorts.

Ef litið er á verkin sem heila tónsmíð eru þó mjög ólík og þar ber Magnificat eftir Bach höfuð og herðar yfir hin. Í verki hans er hver kafla fullur af spennandi hlutum og tónmálið mjög fjölbreytt allt frá einföldum continuo aríum upp í fullan kór og hljómsveit á réttum stöðum. Hann skiptir meira milli tóntegunda og áberandi þéttari pólifónía í kórköflum. Bach notar fimm radda kór líkt og Kuhnau, nokkuð sem var ekki endilega algengt, en Graupner bara fjórradda. Ef til vill skýrist það einnig af tímaleysi Graupner en að öllum líkindum hafði hann mun minni tíma til að semja sitt verk en Bach og Kuhnau. Ekki eru til nákvæmar heimildir um það.

Magnificat eftir Bach var hans fyrsta stóra verk í Leipzig og vildi hann sjálfsagt sýna og sanna snilli sína. Einnig má halda því fram að þar vilji Bach sýna að hann væri mun betri kostur en Graupner og því haft verk hans til hliðsjónar og laumað inn stefjum hér og þar? Að mínu mati er óhjákvæmilegt að Bach hafi skoðað þau Magnificat, sem til voru í nótnasöfnum í Leipzig, og hann hafði aðgang að og því haft verk þeirra tveggja til hliðsjónar eins og mörg önnur verk. Einnig finnst mér of margt líkt með verkum Bach og Graupner til að það geti verið tilviljanir.

## Heimildaskrá

*Biblían: Heilög ritning*, JPV útgáfa, Reykjavík, 2007.

C. Senn, Frank, *New creation: a liturgical worldview*, Fortress press, Minneapolis, 2000.

Cattin, Giulio, *La monodia nel medioevo*, E.D.T edizione, Torino, 1991.

Charles Lee Jurgensmeier, *The Magnificat in D Major: A study in performance and analysis*, ProQuest Dissertation and thesis, 2000.

Christoph Graupner, *Magnificat in C*, Vernon Wicker ritstýrði, Carus-Verlag.

Herl, Joseph, *Worship wars in early lutheranism: choir congregation, and three centuries of conflict*, Oxford university press, New York, 2004.

Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“, í *Íslensk þjóðmenning V: Trúarhættir*, Frosti F. Jóhannsson ritstýrði, Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík, 1988, bls 77-339.

*International Music Score Library Project*, IMSLP, 9. maí 2012, <http://imslp.org/>

Johann Kuhnau, „Magnificat“, í *Recent researches in the music of the baroque era Volume XXXIV*, Evangeline Rimbach ritstýrði, A-R editions, Madison, 1980.

Johann Sebastian Bach, Magnificat in D BWV 243“, Ulrich Leisinger ritstýrði, *Stuttgarter Bach-Ausgaben urtext*, Carus.

Kevorkian, Tanya, *Baroque piety: Religion, society, and music in Leipzig 1650-1750*, Ashgate publishing, Farnham 2010.

Leaver, Robin A., *Luther's liturgical music: Principles and implications*, Wm. B. Eerdmans Publishing, Michigan, 2007.

Lila Collamore, „Charting the Divine Office“, í *The divine office in the latin middle ages*, Margot E. Fassler og Rebecca A. Baltzer ritstýrðu, Oxford university press, New York, 2000, bls 3-11.

Wolf, Christoph, *Johann Sebastian Bach: The learned musician*, W. W. Norton & Company, Inc, New York, 2001.